

VII. KAFLI

Flutningur á afurðum og ýmis ákvæði.

13. gr.

Flutningsaðili.

Allt hreindýrakjöt sem flutt er úr vinnslustöð að heilbrigðisskoðun lokinni og á að dreifa eða selja á almennan markað skal flytja með viðurkenndum flutningsaðila, sem starfrækir innra eftirlit, í þar til gerðu farartæki með kæli eða frysti.

14. gr.

Meindýr og úrgangur.

Í vinnslustöðvum skal nota viðeigandi búnað til varnar meindýrum s.s. skordýrum, rottum og músum. Allan úrgang skal flytja í viðurkennda móttökustöð fyrir sorp.

15. gr.

Viðurlög.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og 20. gr. laga nr. 93/1995.

Reglugerðin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING**Persónuverndar um flutning persónuupplýsinga til annarra landa.**

1. gr.

*Flutningur persónuupplýsinga úr landi.**Fullnægjandi vernd.*

Lög eftirtalinna ríkja teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og er því heimilt að flytja persónuupplýsingar til þeirra, að fullnægðum skilyrðum laganna:

- a. Sviss
- b. Kanada
- c. Argentína
- d. Guernsey
- e. Mön

2. gr.

Hið sama og greinir í 1. gr. á við:

1. Ef um flutning persónuupplýsinga fer samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út; sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB frá 26. júlí 2000.
Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7.
Ákvörðun nr. 108/00. (EES-viðbætur nr. 8/47, 15.2.2001). Gildistaka: 1.12.2000.
2. Ef um er að ræða miðlun persónuupplýsinga um flugfarþega og áhafnir flugvéla úr bókunarkerfum íslenskra flugfélaga til Tolla- og landamæraeftirlits Bandaríkjanna (U.S. Customs and Border Protection) í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar EB nr. 2004/535/EB frá 14. maí 2004 um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í færslum í bókunarkerfum flugfélaga um einstaka flugfarþega sem miðlað er til bandaríska tolla- og landamæraeftirlitsins.
3. Ef Persónuvernd hefur sett þann skilmála fyrir leyfi til flutningsins, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, að hinn hérlendi ábyrgðaraðili hafi áður gert við hinn erlenda viðtökuaðila skriflegan samning í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. 2001/497/EB frá 15. júní 2001 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt tilskipun 95/46/EB (Stjtið. EB L 181, 4.7.2001, bls. 19), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 253, 21.9.2001, bls. 34.
Ákvörðun nr. 4/02. (EES-viðbætur nr. 18/5, 4.4.2002). Gildistaka: 2.2.2002.
4. Ef Persónuvernd hefur sett þann skilmála, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, að hinn hérlendi ábyrgðaraðili hafi áður gert við vinnsluaðila skriflegan samning í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB frá 27. desember 2001 um stöðluð samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju lögum samkvæmt tilskipun 95/46/EB.
Stjtið. EB L 6, 10.1.2002, bls. 52.
Ákvörðun nr. 87/02. (EES-viðbætur 49/41, 3.10.2002). Gildistaka: 26.6.2002.

3. gr.

Gildistaka o.fl.

Auglýsing þessi er gefin út með stöð í 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001. Samhliða birtingu hennar fellur úr gildi fyrri auglýsing um sama efni nr. 435/2003, eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 974/2003.

Persónuvernd, 1. júní 2005.

Páll Hreinsson formaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.